

SNJALLRÆÐI - SAMFÉLAGSHRAÐALL

Samantekt 2023







Efnisyfirlit:

Hraðallinn	4
Tölfræði	5
Tímalína	6
Markaðssetning	7
Yfirlit yfir markaðsefni	8
Teymin 2023	9
Mentorar	11
Árangur og endurgjöf	12
Rekstrarkostnaður Snjallræðis	14

Samfélagshraðallinn Snjallræði er 16 vikna vaxtarrými (e. incubator) fyrir teymi sem vilja leiða mikilvægar samfélagsbreytingar. Markmið Snjallræðis er að ýta undir nýsköpun sem tekst á við áskoranir samtímans en hraðallinn er þannig mikilvægur vettvangur fyrir samfélagssprotu.

Snjallræði var stofnað af Höfða friðarsetri árið 2018 og hraðallinn fór því fram í fimmta skipti haustið 2023. Tíu sprotafyrirtæki voru valin til þátttöku sem öll eiga það sameiginlegt að vilja nýta aðferðafræði nýsköpunar og hönnunarhugsun til þess að tækla samfélagslegar áskoranir. Vaxtarrýmið er nú samstarfsverkefni Háskóla Íslands, Háskólans í Reykjavík og Háskólans á Akureyri. Innan Háskóla Íslands koma bæði Sjálfbærnistofnun og Höfði Friðarsetur að verkefninu. Verkefnið er styrkt af Reykjavíkurborg, Marel og Vísindagörðum.

Snjallræði hófst 1. september og stóð til 15. desember. Þátttakendur tóku þátt í vinnustofum á vegum Svöfu Grönfeldt og samstarfsfélaga hennar frá MIT designX og nutu handleiðslu færustu sérfræðinga hér á landi við að þróa lausnirnar áfram. Í hraðlinum er tekið á nokkrum þáttum í þróunarferlinu, allt frá þarfa- og hagaðilagreiningu, hönnun á sjálfbæru viðskiptamódeli, frumgerðarsköpun og fjárhagsáætlunum yfir í tengslamyndun og framkomu. Þátttakendur kynntu svo nýsköpunarverkefni sín á glæsilegri uppskeruhátíð í desember.

Tölfræði


29
umsóknir

14 teymi
boðuð í viðtöl

22 þáttakendur
10 teymi

18%
þátttakenda
af erlendum uppruna

29 fyrirlestrar
Erindi og
vinnusmiðjur

Kynjahlutfall
 77% konur
23% karlar

Stuðningur Snjallræðissprota við Heimsmarkmiðin:

Sprotar hafa unnið að eftirfarandi heimsmarkmiðum:



Tímalína

1.- 2. september

MIT DesignX Iota: Understand

Hvaða vandamál er verið að leysa og hver mun njóta góðs af lausninni?

1

2

15. september

HÍ vinnusmiðja

28.- 29. september

MIT DesignX Iota: Solve

Hver er lausnin og hver er ávinningurinn af henni fyrir hagaðila?

3

4

13. október

Marel vinnusmiðja

26.- 27. október

MIT DesignX Iota: Envision

Hverju viljum við ná fram og hvaða gildi liggja til grundvallar við ákvarðanatöku?

5

6

10. nóvember

HA vinnusmiðja

23.- 24. nóvember

MIT DesignX Iota: Execution

Hvernig er best að hrinda lausninni í framkvæmd, skala hana og fjármagna?

7

8

29. nóvember

Heimsókn til Reykjavíkurborgar

30. nóvember

HR vinnusmiðja

9

10

8. desember

Kynningarþjálfun

15. desember

Lokaviðburður

Teymin kynntu hugmyndir sínar og afrakstur síðustu mánaða

11

Mikil áhersla var lögð á markaðssetningu í aðdraganda hraðalsins. Opið var fyrir umsóknir frá 9. júní til 20. ágúst 2023. Markaðssetning fram að umsóknarfresti miðaði að því að vekja athygli frumkvöðla og annarra mögulegra þátttakenda á verkefninu.

Kostuð kynningarherferð fór fram á samfélagsmiðlum yfir sumarmánuðina en einnig voru sendir út markpóstar innan HÍ, HA og HR og hraðallinn kynntur vel innan allra háskólanna, meðal annars með skjáauglýsingum, fréttum á vefsíðum og með beinum pósti á nemendum.

Kynningarfundur

Kynningarfundur Snjallræðis var haldinn 15. ágúst í Grósku. Á fundinum kynnti Svafa Grönfeldt MIT designX og samstarfið við Snjallræði. Alma Dóra Ríkarósdóttir, stofnandi og framkvæmdastjóri Heima og Sigurbóra Bergsdóttir, framkvæmdastjóri Bergsins headspace sögðu frá reynslu sinni af þátttöku í Snjallræði. Þá ræddi Bergur Ebba mikilvægi nýsköpunar fyrir framtíðina. Um 30 manns mættu í Grósku og 140 fylgdust með í beinu streymi á Facebook síðu Snjallræðis.

Auglýsingar

Samfélagsmiðlar voru einna mest nýttir í auglýsingar á umsóknarfresti, kynningarfundum, teymum Snjallræðis og lokadegi. Einnig voru innri vefir háskólanna, póstlistar á frumkvöðla og nýsköpunarfyrirtæki nýtt til kynningarstarfs. Þá fóru verkefnisstjórar og fyrrum þátttakendur Snjallræðis í viðtöl á Rás 2 og Bylgjuna og skrifuð var skoðanagrein á Vísi.

Samfélagsmiðlar

Facebook og Instagram eru sterkustu miðlarnir í markaðsstengingu verkefnisins á netinu. Samfélagspóstar á Facebook náðu til 32.000 manns og 7.400 manns á Instagram á tímabilinu júní til ágúst 2023. Auglýsingar á Facebook og Instagram náðu samanlagt til 8.800 fleiri einstaklinga en á fyrra ári.

Teymin

Tíu teymi voru valin til þátttöku í Snjallræði árið 2023 og áorkuðu þau miklu undir leiðsögn reynds hóps mentora á þeim 16 vikum sem vaxtarrýmið spannaði. Verkefni teymanna voru afar fjölbreytt og fást við ólíkar samfélagslegar áskoranir, sem snerta jafnt unga sem aldna og styðja m.a. við innflytjendur, fólk með geðraskanir og náttúruna.



Beee

styður við ábyrga og umhverfisvæna stafræna þróun og nýtingu tækniáðlinda með því að veita fyrirtækjum yfirlit yfir það stafræna kolefnisfótspor sem hlýst af rekstrinum ásamt því að auka vitund starfsfólks um þeirra stafræna kolefnisfótspor



Bragðlaukapjálfun

miðar að því að draga úr matvæðni barna með gagnreyndum aðferðum sem efla fjölskyldur og gefa þeim tækifæri til að eiga jákvæðar og styrkjandi samverustundir kringum mat og matmálstíma



Co-living Iceland

er lausn er einfaldar húsnæðisleit sem byggist oft á óformlegum tengslanetum



Eldumst saman

berst gegn auknum kostnaði í heilbrigðiskerfinu sem hlýst af félagslegri einangrun með gagnagreiningu og fyrirbyggjandi aðferðum

Teymin 2023 framhald



Eldrimenntun

leiðir saman eldri Íslendinga og innflytjendur á öllum aldri til að styðja við íslenskunám, draga úr félagslegri einangrun og auka gagnkvæman skilning á ólíkri menningu



Fine Food Íslandica

framleiðir heilsusamleg og aðgengileg hráefni úr sjálfbæru þangi. Fyrirtækið starfar náið með sjávarútveginum og landbúnaðinum til að skapa samfélag í kringum sjálfbæra matvælaframleiðslu



Jafningjahús

er annar valkostur fyrir fólk í geðrænni krísu



Opni leikskólinn Memmm

er öruggur, ókeypis og bjóðandi staður þar sem foreldrar og börn geta leikið saman, kynnst öðrum og fengið fræðslu



Svepparíkið

þróa nýjar svepparæktunaraðferðir með einstöku 7 þrepa kerfi, sem byggir á nýtingu niðurbriótanlegra hliðarstrauma frá fjölbreyttum iðnaði með sjálfbærni og hringrásarhagkerfið í huga til að takast á við áskoranir nútímans



Weave Together Foundation

er verkefni sem styður við inngildingu innflytjenda með því að styðja læsi og lestrarmenningu þeirra.

Mentorar

Afar mikilvægur hluti af Snjallræði er aðgangur að tengslaneti og ráðgjöf frá öflugum hópi mentora og sérfræðinga á sviði samfélagsmála, heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna og nýsköpunar.

21 mentorar hittu teymin á 30 fundum



Alma Dóra Ríkarósdóttir,
stofnandi og forstjóri
HEIMA app



Arnar Sigurðsson,
stofnandi East of Moon



Ágúst Freyr Ingason,
fjárfestir



Bárður Örn Gunnarsson,
stofnandi og forstjóri
Svartatinds



Dagný Halldórsdóttir,
frumkvöðull



Dagný Jónsdóttir, deildar-
stjóri Auðlindagarðs HS



Elinóra Inga Sigurðardóttir,
frumkvöðull og hjúkrunar-
fræðingur



Gísli Ólafsson,
fjárfestir



Guðmundur Páll Línal,
stofnandi Lava Cheese



Guðrún Hildur
Ragnarsdóttir, forstjóri
Keeps

Mentorar 2023 framhald



Halla Helgadóttir,
framkvæmdastjóri
Miðstöðvar hönnunar og
arkitektúrs



Hanna Kristín Skaftadóttir,
lektor í viðskiptafræði v.
Bifröst



Jarþrúður Ásmundsdóttir,
fagstjóri hugvits og tækni
hjá Íslandsstofu



Jón Páll Leifsson,
markaðssérfræðingur hjá
Kerecis



Kathryn Gunnarsson,
stofnandi GEKO



Margrét Júlíana
Sigurðardóttir, stofnandi
Moombix



Ragna Margrét
Guðmundsdóttir,
stofnandi Pikkoló og
M/STUDIO



Stefanía Kristinsdóttir,
stjórnarformaður og
eigandi, Einuró



Sævar Garðarsson,
vörustjóri Controlant



Þórunn K. Jónsdóttir,
ráðgjafi og sérfræðingur
í stafrænni markaðs-
setningu



Evar Hrafn Ingólfsson,
KPMG



Svava Grönnfeldt, ein af
stofnendum MIT designX



Ysaira Jimenez, frumkvöðull
og sérfræðingur við MIT
designX

Árangur og endurgjöf

Í kjölfar hraðalsins var send út viðhorfskönnun til allra þátttakenda sem tóku þátt í Snjallræði. Hér fyrir neðan má sjá samantekt af umsögnum þátttakenda sem komu fram í viðhorfskönnuninni.

Var einhver vinnustofa sem stóð upp úr að þínu mati?

„Yscaira (MIT DesignX) er einstaklega fær í að hlusta og greina. Hún hefur hæfileika til að skilja strax hugtökin í tengslum við okkar framtak og ræða áskoranirnar sem verkefnið og teymið stendur frammi fyrir. Hún veitti okkur viðeigandi og skýra endurgjöf, sem er einn af verðmætustu afurðum vinnustofanna.“

„Vá, ég vil segja að þær allar voru mjög gagnlegar. Fyrsti fundurinn var virkilega góður.“

Hvað fannst þér best við prógrammið?

„Yscaira og Svafa – þær eru hæfileikaríkir, umhyggjusamir og orðheppnir sérfræðingar sem geta kafað á dýptina með innsæinu að leiðarljósi. Að hafa frábæran, fjölbreyttan hóp af þátttakendum var eitt af því besta við verkefnið.“

„Ég elskaði hvernig hóparnir fengu alltaf tíma til að „slaka á“ eftir vinnustofurnar og kynnast hvert öðru. Það kom aðeins seint í prógrammið, en var svo mikilvægt. Að hafa aðgang að öllum þessum sérfræðingum og fá hvatningu frá þeim og þeirra reynslu var ótrúlegt.“

Rekstrarkostnaður Snjallræðis

	Upphæð	Skýring
Framlög		
Framlag Reykjavíkurborgar	10.000.000	Fjárframlag
Framlag Háskólans í Reykjavík	8.250.000	4.250.000 kr. vinnuframlag (5 mannmánuðir) 4.000.000 kr. fjárframlag
Framlag Marel	3.000.000	Fjárframlag
Framlag Háskólans á Akureyri	4.250.000	Vinnuframlag (5 mannmánuðir)
Framlag Vísindagarða	1.200.000	Vinnuaðstaða og fundarsalir
Framlag Háskóla Íslands	14.250.000	Vinnuframlag (18 mannmánuðir)
	40.950.000	
Kostnaður		
Laun	22.750.000	
Vinnuaðstaða og fundarsalir	1.200.000	
Sérfræðiráðgjöf - Sjálfbærnistofnun	450.000	
Aðkeypt sérfræðiþjónusta - MIT designX	13.710.000	
Aðkeypt sérfræðiþjónusta - aðrir	700.000	
Kynningarefni	856.965	
Birtingar	57.392	
Fundir og veitingar	379.145	
Tæknaaðstoð og streymi	574.710	
Annað	271.788	
	40.950.000	



Reykjavík



HOFDI
HOFDI REYKJAVIK PEACECENTRE



Háskólinn
á Akureyri
University
of Akureyri



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY



VÍSINDAGARÐAR
HÁSKÓLA ÍSLANDS